

Tillaga	A 2002/UVU
Flytjandi	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

A 2002/UVU Nefndartillaga um einföldun bankamillifærslna innan Norðurlanda

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að þær annist um að fjármálaeftirlitsstofnunum landa þeirra verði beinlínis falið að hafa norræna samþættingu í fyrirrúmi við reglusetningu, leyfisveitingar og eftirlit,

að þær kanni möguleikana á að samræma lög og reglur um fjármálakerfið í norrænu löndunum,

að þær komi á fót norrænum samráðsvettvangi um fjármálastofnanir með fulltrúum stjórnvalda, banka, fjártæknigreina, neytenda og fyrirtækja sem héldu reglulega fundi og hefðu það hlutverk að ryðja úr vegi hindrunum milli landa,

að þær kanni innleiðingu hvata, bæði lagalegra og efnahagslegra, til að bankar og fjártæknigeirinn bjóði upp á norræna þjónustu, og

að þær grípi til ráðstafana í því skyni að tryggja neytendavernd, gagnsæi og aðgengi að þjónustu þvert á landamæri.

Bakgrunnur

Til að ná markmiði framtíðarsýnar forsætisráðherranna um að Norðurlönd verði samþættasta svæði heims árið 2030 þarf að auðvelda almenningi, fyrirtækjunum og hinu opinbera að njóta banka- og fjármálaþjónustu þvert á landamæri. Norrænn bankamarkaður er margbrotinn vegna mismunandi reglna, eftirlits og starfshátta í löndunum sem hindrar hreyfanleika, atorku og efnahagslega samþættingu.

Nefndartillagan tekur mið af ályktun Norðurlandaráðs ungmenna frá septembermánuði 2024, þar sem athygli er vakin á þörf á einfaldari bankamillifærslum, og á skoðanakönnunum og upplýsingaöflun stjórnsýsluhindranahópsins árin 2024 og 2025 um greiðslulausnir milli landa.

Sjónarmið nefndarinnar

Skýrslan *Mot en mer integrerad nordisk banksektor (Nord 2025:035)** um samþættingu í norrænum bankageira sýnir að bönkum og fjártæknigreinum finnst ríkja óvissa um

reglusetningu og leyfisveitingar í millilandaviðskiptum. Mismunandi reglur, eftirlitsaðferðir og öryggiskröfur í löndunum torveldi framboð og starfsemi bankaþjónustu yfir landamæri og hafi í för með sér aukin útgjöld, minni samkeppni og færri valkosti fyrir viðskiptavini.

Áheyrnarfundur Norðurlandaráðs um banka og greiðslulausnir í Stokkhólmi 7. maí 2025 leiddi í ljós skort á skýrri pólitískri kröfu til eftirlitsstofnananna um samþættingu á Norðurlöndum. Á þann fund komu fulltrúar banka, stjórnvalda, löggjafarsamkoma og atvinnulífs til samræðna um bankamillifærslur milli norrænu landanna og þörfina á raunhæfum lausnum.

Fundarmenn töldu meðal annars að eftirlitsstofnanir og bankar yrðu að vinna saman og að ganga þyrfti að neytendavernd, gagnsæi og sambærilegu verklagi og formi milli landanna sem vísu. Sameiginlegir norrænir innviðir, samhæfing reglna og stafræn tæknivæðing væru þungvægar forsendur fyrir samþættari banka- og fjármáلامarkaði. Lýst var eftir pólitískum vilja og skýrari pólitískri afstöðu til þess að samræma reglurnar.

Af skýrslunni og þessu samráði að dæma þurfa Norðurlönd bersýnilega á pólitísku frumkvæði að halda til að samþætta banka- og fjármálageirann betur. Þess vegna þurfa eftirlitsstofnanirnar að fá skýrara umboð, bankarnir og fjártæknigeirinn hvata til að bjóða upp á þjónustu yfir landamæri og neytendavernd og gagnsæi að vera í fullu gildi, auk þess sem meta þarf möguleika á samhæfingu laga og reglna á fjármálaréttarlegu sviði. Slíkar ráðstafanir ráða úrslitum um afnám hindrana, aukin viðskipti og samkeppni, aukið öryggi viðskiptavina og fyrirtækja og að endingu norrænan bankamarkað sem er bæði í orði og á borði samþættur.

* Tengill á skýrsluna:

<https://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A2011601&dswid=-4447>

Hróarskeldu, 24. febrúar 2006

Tom Einar Karlsen (A)

Gunilla Carlsson (S)

Jani Kokko (sd)

Mats Wiking (S)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Anna Falkenberg (sb)

Markku Siponen (cent)

Geir Inge Lien (Sp)

Lars Püß (M)

John E. Weinerhall (M)

Johnny Svedin (SD)

Merja Rasinkangas (saf)

Liv Gustavsen (FrP)

Kenneth Fredslund Petersen (DD)